

Föstudaginn 24. febrúar 1950.

Nr. 41/1949. **Ákærvaldið** (Hermann Jónasson)

gegn

**Henry Alexander Hálfðánarsyni**

(Einar B. Guðmundsson)

og

**Jóni Bjarnasyni** (Sjálfur).

Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Þegar árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af, var myrkt af nóttu. Ákærðu voru ókunnir veginum, sem var frekar mjór. Af þessum sökum bar þeim að gæta sérstakrar varúðar, er bifreiðar þeirra mættust, og aka mjög hægt hvor fram hjá öðrum. En einkum hvíldi sú skylda á ákærða Jóni Bjarnasyni, sem ók stórri bifreið og breiðri. Þessarar varúðar gættu ákærðu ekki nægjanlega. Með skírskotun til þess og að öðru leyti til raka héraðsdóms þykja ákærðu hafa gerzt sekir við þau lagaákvæði, sem þar greinir.

Að því virtu, sem nú hefur verið rakið, þykir refsing ákærða Jóns Bjarnasonar hæfilega ákveðin kr. 600.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærða Henry Alexanders Hálfðánarsonar þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 3 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan framangreinds frests.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði Henry Alexander Hálfðánarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 500.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 700.00.

### **Dómsorð:**

Ákærði Jón Bjarnason greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði

hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Henry Alexander Hálfðánarson greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestast.

Ákærði Henry Alexander Hálfðánarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Hermanns Jónassonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. sept. 1948.**

Ár 1948, mánudaginn 13. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4255 og 4256/1948: Réttvísing og valdstjórnin gegn Henry Alexander Hálfðánarsyni og Jóni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms þann 15. júlí s. l.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða Henry Alexander Hálfðánarsyni skrifstofustjóra, Brávallagötu 4, hér í bæ, og ákærða Jóni Bjarnasyni lögfræðingi, Túngötu 16, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Báðir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Henry Alexander fæddur 10. júní 1904 á Ísafirði, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt annarri ákæru né refsingu en þeirri, að þann 4. júlí 1947 var hann sektaður um kr. 25.00 fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

Ákærði Jón er fæddur 11. október 1920 í Reykjavík, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt annarri ákæru né refsingu en þeirri, að þann 14. apríl 1939 var hann sektaður um kr. 10.00 fyrir of hraðan akstur bifreiðar.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

Um kl. 10.40 að kvöldi laugardagsins 29. marz 1947 varð árekstur á þjóðveginum nálægt Brekkum í Holtahreppi milli bifreiðanna R 4630, sem er af svonefndri jeep-gerð og ákærði Henry Alexander ók, og bifreiðarinnar R 1973, sem er stór vöruflutningabifreið af gerðinni Ford, og ók

ákærði Jón henni í þetta skipti. Var fyrrnefnda bifreiðin á austurleið, en hin siðarnefnda á vesturleið. Við áreksturinn eða þegar eftir hann fór bifreiðin R 4630 út af veginum. Urðu miklar skemmdir á henni, og auk þess meiddist einn farþeginn, sem í henni var, og verður hans og meiðsla hans nánar getið síðar. Á bifreiðinni R 1973 munu hins vegar hafa orðið litlar skemmdir. Vegurinn á árekstrarstaðnum mun vera um 4.80 m breiður, malarborinn og hallar nokkuð niður á við frá vestri til austurs. Veður mun hafa verið þurrt og heiðskirt, þegar slysið varð, en náttmyrkur fallið á. Þar sem bifreiðin R 4630 er breiðust, er hún 1.50 m, en bifreiðin R 1973 2.11 m (um vörupallinn).

Verða nú framburðir ákærðu varðandi þetta slys svo og framburðir farþega, sem í umræddum bifreiðum voru, er áreksturinn varð, raktir nokkuð.

Ákærði Henry Alexander kveðst hafa verið búinn að koma auga á bifreiðina R 1973, allöngu áður en áreksturinn varð, og hafi hann þess vegna haft nægan tíma til að víkja fyrir henni, enda telur hann sig þá hafa verið búinn að því. Hann segist hafa ekið með um 40 km hraða miðað við klst., þar til hann nálgadist bifreiðina R 1973, en þá hafi hann hætt að gefa hreyflinum benzin, og hafi bifreiðin þá hægt á sér og hafi verið á tiltölulega litlum hraða, þegar áreksturinn varð. Það er álit ákærða Henrys Alexanders, að vegurinn hafi verið fullmjór fyrir bifreiðar til að mætast á, þar sem áreksturinn varð, sérstaklega þar sem um svo breiða bifreið hafi verið að ræða sem bifreiðin R 1973 sé. Hins vegar segir hann veginn vera nokkuð breiðari, þar sem nefnd bifreið mætti 2 öðrum bifreiðum, sem ákærði var í fylgd með og óku nokkurn spöl á undan honum. Ekki kveðst hann þó hafa veitt þessu sérstaka athygli. Eftir áreksturinn kveðst ákærði Henry Alexander hafa mælt stöðu bifreiðanna (R 4630 og R 1973) á veginum, þar sem áreksturinn varð, og lagt til grundvallar hjólför bifreiðanna við þessa mælingu. Hafi sér þá mælt hjólför bifreiðar R 4630 vera 1 fet frá vegarbrún, en för bifreiðar R 1973 2 fet frá vegarbrún. Ekki segir hann ákærða Jón hafa fylgzt með þessari mælingu. Ekki segir ákærði Henry Alexander ljós bifreiðarinnar R 1973 hafa blindað sig eða truflað að neinu leyti við aksturinn, áður og um það leyti, sem áreksturinn varð, og gerir hann fremur ráð fyrir, að hann hafi sjálfur hækkað ljós bifreiðar sinnar, áður en bifreiðarnar mættust, en kveðst þó ekki muna þetta vel. Fulla sjón á báðum augum kveðst ákærði Henry hafa, og ekki hafi hann að neinu leyti verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið, þegar áreksturinn varð, og áfenga drykki kveðst hann ekki bragða. Ákærði kveðst hafa verið orðinn allvanur að aka bifreið, þegar slys þetta varð. Tók hann bifreiðarstjórapróf þann 29. maí 1945 og kveðst hafa haft umráð bifreiðar jafnan síðan, þar til nefnt slys varð. Bifreiðina R 4630 segir hann hafa verið í góðu lagi. Hún er eign Slysavarnafélags Íslands.

Ákærði Jón hefur skýrt þannig frá. Hann kveðst hafa haldið bifreið sinni eins utarlega á sínum vinstri vegarhelmingi og hann taldi unnt, meðan hann mætti bifreiðinni, sem ók næst á undan bifreið ákærða Henrys Alexanders, og engu síður kveðst hann hafa gert þetta, er hann

mætti umræddri bifreið (þ. e. ákærða Henrys), enda hafi hann verið búinn að koma auga á bifreiðar þessar, allöngu áður en hann mætti þeim, og hafi því gefizt nægur tími til að víkja út á sinn vinstri vegarhelming. Segir hann sér hafa virzt vegurinn vera nægilega breiður til að mæta bifreiðunum á, og ekki hafi hann orðið var við neina erfiðleika við að mæta bifreiðinni, sem ók næst á undan bifreiðinni R 4630. Ákærði Jón gizkar á, að hann hafi ekið með 30 km hraða miðað við klst., er hann mætti þessari bifreið, en kveðst ekki hafa gefið benzín til hreyfils bifreiðar sinnar, frá því nokkru áður en hann mætti fyrrnefndri bifreið, þar til hann mætti bifreiðinni R 4630, en það telur hann hafa verið nokkrum metrum vestar. Hafi því bifreið sín hægt nokkuð á sér þenna spöl, enda hækki vegurinn nokkuð á þessum slóðum frá ákærða Jóni séð, en hann ók í vestur, eins og fyrr segir. Eftir þessu hafi því hraði bifreiðar hans verið undir 30 km miðað við klst., er áreksturinn varð. Ákærði Jón kveðst ekki hafa orðið þess var, að bifreiðin R 4630 hafi ekið órýmilega á veginum, um það leyti sem hann mætti henni. Hann segist ekki geta gizkað á, með hve miklum hraða henni hafi þá verið ekið. Ekki segir hann ljós bifreiðar þessarar hafa blindað sig, og sjálfur kveðst hann hafa haft lágu ljósin á sinni bifreið, er áreksturinn varð. Við áreksturinn, segir ákærði Jón, hægra framhorn á vörupalli bifreiðar sinnar og hægra framhorn bifreiðar R 4630 hafa rekizt á. Segir hann ekki hafa verið annað sýnilegt en að það hafi verið bláhornin, sem lentu saman. Kveðst hann hafa hemlað bifreið sinni um leið og áreksturinn varð, en við hann hafi vinstri afturhjól hennar farið út af veginum, og stöðvaðist hún eftir áreksturinn í þeirri stöðu. Ákærði Jón hefur látið þess getið, að hann hafi verið orðinn alvanur að aka bifreið, er slys þetta varð, og hafi þá m. a. verið búinn að aka leigubifreið til mannflutninga. Kveðst hann hafa fulla sjón á báðum augum, og ekki hafi hann að neinu leyti verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið, er áreksturinn varð. Bifreiðina R 1973 segir hann hafa verið í góðu lagi þá, enda hafi hún þá verið nærri ný. Hún var þá eign Karls D. Péturssonar, Vatnagörðum.

Páll Magnússon forstjóri, Skólavörðustíg 3 A, hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni R 1973, er slysið varð, og sat hann í stýrishúsi bifreiðarinnar hægra megin við ákærða þá. Hefur hann sem vitni skýrt svo frá, að ákærði Jón hafi hægt á ferð bifreiðarinnar, er hann mætti 3 bifreiðum skammt fyrir vestan Ytri Rangá, en hin síðasta af þeim var bifreiðin R 4630. Einnig segir vitnið ákærða Jón hafa ekið eins utarlega á veginum og honum var fært, er hann mætti nefndri bifreið, og kveðst það ekki hafa orðið þess vart, að hann færði sig inn á veginn eða breytti um stefnu bifreiðar sinnar, frá því hann mætti bifreiðunum 2, sem óku næst á undan bifreiðinni R 4630, þar til hann mætti henni. Kveðst vitnið því ekki hafa verið í vafa um, að bifreiðin R 4630 hafi ekið of innanlega á veginum, er áreksturinn varð. Hvorki kveðst vitnið geta gizkað á um hraða bifreiðarinnar, sem það var farþegi í, né hinnar bifreiðarinnar, sem hlut átti að árekstrinum.

Í bifreiðinni R 4630 voru 2 farþegar, þegar margnefndur árekstur varð. Verður nú dregið á framburð þeirra varðandi áreksturinn. Vitnið Viðar Pétursson læknir sat í framsæti nefndrar bifreiðar, er áreksturinn varð. Kveðst það ekki hafa vitað neitt um ferðir bifreiðar R 1973, áður en áreksturinn varð, og ekki kveðst það heldur hafa fylgt með hraða bifreiðarinnar, sem það var farþegi í, því að það hafi verið hálfsofandi, áður og um það leyti sem áreksturinn varð. Vitnið hefur þó látið þess getið, að ákærði Henry Alexander hafi ekið mjög gætilega á leiðinni austur, og ekki hafi hann bragðað áfengi, enda ekkert vín með í þessu ferðalagi. Við áreksturinn missti vitnið meðvitund og hlaut talsverð meiðsli. Hefur Erlingur Þorsteinsson læknir lýst þeim þannig í vottorði útgefnu þann 30. marz 1947 (rskj. nr. 2).

„Ég hef í dag skoðað hr. tannlækni Viðar Pétursson, Eskihlíð 14, og fundið, að nefbein eru brotin og færð úr stað, auk þess 2 rifbein brotin (c. III. og VI.) og nokkur áverkí (contusio) á rófubeini (os coccygis). Greinileg einkenni heilahristings (commotio cerebri) eru einnig til staðar“.

Vegna meiðsla þurfti vitnið að liggja í rúminu um hríð, og var það frá vinnu vegna þeirra um hálfsmánaðartíma, það kvaðst þó að fullu hafa náð sér eftir þau, er það var yfirheyrt þann 3. september s. l.

Vitnið Eggert Friðjón Guðmundsson listmálari, Hátúni 11, hér í bæ, sat í aftursæti bifreiðarinnar R 4630, þegar slysið varð. Virtist því ákærði Henry Alexander ekki aka hart eða ógætilega, um það leyti sem áreksturinn varð né í ferðalaginu yfirleitt. Ekki getur vitnið gizkað á, með hve miklum hraða ákærði Henry ók, um það leyti sem áreksturinn varð, og ekki kveðst það hafa veitt því eftirtekt sérstaklega, að hann hægði á ferðinni, áður en hann mætti bifreiðinni R 1973, en gerir þó fremur ráð fyrir, að svo hafi verið. Það segist hafa veitt ljósum þessarar bifreiðar athygli, áður en hún mætti bifreiðinni, sem það var farþegi í, og hafi þau ekki verið óeðilega sterk eða skær. Vitnið telur veginn á árekstrarstaðnum hafa verið svo mjóan, að venjulegar bifreiðar hafi ekki getað mætt þar með lagi. Annars telur það ekki ósennilegt, að það hafi valdið árekstrinum, að vindur hafi hlaupið úr hæggra framhjólí bifreiðarinnar R 4630, rétt um leið og áreksturinn varð, og hafi bifreiðin kippzt lítið eitt inn á veginn við það, en kveðst þó ekki hafa tekið eftir þessu sérstaklega. Vist hafi þó verið um það, að hæggra framhjól nefndrar bifreiðar hafi verið vindlaust eftir áreksturinn. Út af þessu hefur ákærði Henry Alexander tekið fram, að það sé að vísu rétt, að hæggra framhjól bifreiðarinnar R 4630 hafi verið vindlaust, eftir að áreksturinn varð, en telur sennilegt, að vindurinn hafi hlaupið úr því við áreksturinn, þótt ekki hafi það vitað til, að þetta hjól rækist nokkurs staðar í hina bifreiðina við áreksturinn.

Eins og fyrr er tekið fram, hafði bifreiðin R 1973, sem ákærði Jón ók, mætt 2 bifreiðum, rétt áður en margnefndur árekstur varð. Hinni síðari af þeim ók Jón Oddgeir Jónsson fulltrúi, Ingólfsstræti 4, hér í bæ. Hefur hann litlar upplýsingar getað gefið um, með hvaða hætti áreksturinn varð, þar eð hann sá ekki, er hann vildi til. Hann kveðst þó ekki hafa

orðið var við neina erfiðleika við að mæta bifreiðinni R 1973, stuttu áður en áreksturinn varð, og ekki kveðst hann minnst þess, að ljós nefndrar bifreiðar hafi blindað hann um leið og hann ók framhjá henni. Eftir slysið aðstoðaði Jón Oddgeir Viðar Pétursson lækni, sem slasað hafði, eins og fyrr segir, og flutti hann á næsta bæ, en hélt síðan sjálfur áfram ferðinni austur að Heklu.

Þess skal getið, að þann 19. ágúst s. l. fór Jón Halldórsson rannsóknarlögreglumaður á árekstrarstaðinn ásamt þeim Magnúsi Sörensen löggæzlumanni og ákærða Henry Hálfðánarsyni. Mældu hinir tveir fyrrnefndu breidd vegarins, þar sem áreksturinn hafði orðið að áliti Erlends Jónssonar, Hárlaugstöðum í Holtahreppi, en hann kom á slysstaðinn daginn eftir að slysið varð. Gerði Axel Helgason rannsóknarlögregluþjónn síðan uppdrátt af slysstaðnum eftir mælingum Jóns Halldórssonar. Vegurinn á árekstrarstaðnum mældist vera 4.80 m á breidd, en 10 metrum vestar var vegurinn 4.90 m á breidd og 10 metrum austar 5.10 m á breidd. Er Gisli Bjarnason lögregluþjónn á Selfossi mældi veginn á árekstrarstaðnum þann 2. apríl 1947, reyndist hann hins vegar vera 4.25 m á breidd, en 4.35 m á breidd nokkurn spöl fyrir austan og vestan slysstaðinn.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, telst ljóst, að ákærðu hafa báðir átt sök á umræddum árekstri með aðgæzluskorti sínum. Sáu þeir báðir hvor til annars ferða, allöngu áður en áreksturinn varð, og höfðu því nægan tíma til að víkja bifreiðum sínum og gera að öðru leyti ráðstafanir til að mætast slysalaust. Að sögn ákærðu sjálfra hafa þeir báðir ekið með talsverðum hraða, þegar áreksturinn varð, enda bendir það, hve áreksturinn hefur verið harður, einnig til þess, að svo hafi verið. Þar eð vegurinn á árekstrarstaðnum er allmjór, hefur verið ástæða til fyrir ákærðu að aka mjög hægt og sýna að öðru leyti fulla aðgæzlu, er bifreiðar þeirra mættust, sérstaklega þar eð náttmyrkur var. Teljast því ákærðu hafa ekið full hratt eftir atvikum, er bifreiðar þeirra mættust.

Með aðgæzluskorti sínum og eftir atvikum fullhröðum akstri sínum teljast báðir hinir ákærðu hafa brotið 1. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Einnig teljast þeir hafa brotið 219. gr. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 með því að valda verulegum meiðslum á manni með akstri sínum, sem ekki telst hafa verið nægilega gætilegur. Samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaganna þykir refsing ákærðu hvors um sig með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og afpláni ákærðu hvor um sig sekt sína með varðhaldi í 10 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hina ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum. Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri málsins, frá því að það var tekið til réttarrannsóknar, þar til það var tekið til dóms, stafar af önnum við embættið, en drátturinn, sem orðið hefur á því, frá því að það var tekið til dóms, þar til dómur var kveðinn upp í því, stafar af því, að rétt þótti,

að fram færi í málinu framhaldsrannsókn, sem ekki var unnt að framkvæma fyrr en í ágústmánuði s. l. og í yfirstandandi mánuði.

**Dómsorð:**

Ákærðu, Henry Alexander Hálfðánarson og Jón Bjarnason, greiðir hvor um sig 500 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor um sig sektina með varðhaldi í 10 daga, greiði þeir hana ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þeir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1950.

Nr. 72/1948. **H/f Björgvin**

gegn

**Sjómannafélagi Ísfirðinga vegna Jóns Sigurðssonar**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, H/f Björgvin, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 27. febrúar 1950.

Nr. 73/1948. **H/f Björgvin**

gegn

**Sjómannafélagi Ísfirðinga vegna Steingríms Kristmundssonar**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, H/f Björgvin, sem eigi sækir dómþing í máli